

Skólanefndarfundur 12.09. 2018

Mættir: Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Rósa Hrönn Ögmundsdóttir, Guðjón Örn Sigtryggsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Lovísa Inga Ágústsdóttir. Óliver Magnússon. Helga Kristín Kolbeins
Skólameistari bauð fundarmenn velkomna og stjórnaði fundi.

Dagskrá

1. Fjármál skólans
Skólameistari fór yfir stöðu rekstrareiknings, launaliður er yfir upphaflegri áætlun. Ekki er gert ráð fyrir veikindaforföllum og þegar starfsmenn verða fyrir því áfalli að vera í langtímaveikindum þá hefur það mikil áhrif á rekstrarlega stöðu skólans.
2. Innritun á haustönn 2018
224 nemendur eru skráðir í skólann og eru það heldur fleiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
3. Breytingar á starfsmannamálum.
Skólameistari fór yfir þær breytingar sem hafa orðið frá því síðasta vor. Helstu breytingar eru að þrjú starfsmenn hættu vegna aldurs og var ráðið í stöður tveggja auk þess sem nokkrar tilfærslur áttu sér stað.
4. Þriggja anna kerfi, skólameistari kynnti hugmyndir um að skipta skólaárinu með öðrum hætti en nú er gert. Fyrirhugað er að skoða á skólaárinu hvort slíkt fyrirkomulag henti samfélaginu betur en það kerfi sem nú er.
5. Önnur mál-
Skólameistari sagði frá þeim styrkjum sem skólinn hefur fengið frá innlendum og erlendum aðilum til sérstakra verkefna.

Rædd voru persónuverndarlögin og hver staða skólans væri gagnvart þeim.

Rætt um miðlun upplýsinga til skólanefndarmanna.

Skólameistari

Helga Kristín Kolbeins